



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

174. fundur skólanefndar

10. september 1992

Mættir: Sigríður Jóhannesdóttir, formaður, Guðbjörg Ingimundardóttir, Guðjón Kristjánsson, Ingvar Eyfjörð Jónsson, Jón Sæmundsson, Kristbjörn Albertsson, Magnús Óskar Ingvarsson og Hjálmar Árnason, skólameistari.

Dagskrá:

1. Upphaf haustannar 1992.
2. Afhending viðbyggingar og eftirmál.
3. Gjafir eru yður fengnar...
4. Niðurskurður og staða FS.
5. Akstur nemenda - lyktir.
6. Listskreyting við FS.
7. Áheyrnarfulltrúar.
8. Önnur mál.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna, síðan var gengið til dagskrár.

1. Upphaf haustannar 1992.

Skólastarfið byrjað 31. ágúst með kennarafundi og kynningu á skólastarfinu fyrir nýnema, ásamt töfluafhendingu. Skólinn var settur 1. september og nýbyggingin vígð. Kennsla hófst 2. september. Nemendur í dagskóla eru 690, á biðlista 40-50 nemendur. Í öldungadeild er breytt fyrirkomulag, þar geta menn greitt eftir fjölda áfanga sem þeir ætla að taka. Nemendur eru um 120. Axel Jónsson hefur tekið við rekstri mótuneytis nemenda, Helgi Eyjólfsson og Sigríður Sigurðardóttir við ræstingum og hefur það gengið vel það sem af er önn. Gísli Torfason hefur tekið við starfi námsferilsstjóra.

2. Afhending viðbyggingar og eftirmál.

Samkvæmt samningi á allri vinnu innanhúss að vera lokið 1. september en utanhúss 1. október. Ýmislegt smálegt er eftir inni og verið er að ganga frá því. Einangrun er eins góð og verktaki lofaði. Byggingin er innan fjárhagsáætlunar. Upplýsingum um byggingasögu og verkataka dreift og fylgja þær fundargerð þessari. Stefnt er að því að hafa skólann til sýnis fyrir almenning síðar á önninni.

3. Gjafir eru yður fengnar...

Skólanum hafa borist gjafir í tengslum við vígslu nýbyggingarinnar. Frá útvegsmannafélagi Suðurnesja kr. 200.000, Verslunarmannafélagi Suðurnesja kr. 1.282.500, frá Iðnsveinafélagi Suðurnesja kr. 250.000 og frá Einari J. Skúlasyni kr. 500.000. Blóm og blómaskreytingar bárust frá Keflavíkurbæ, Njarðvíkurbæ, Bústoð, Íslandsbanka, Nönnu Gunnarsdóttur. Helga Óskardóttir og Ágúst Ásgeirsson færðu skólanum fánastöng með íslenska fánanum. Skeyti bárust frá Gunnari Sveinssyni,

Steingrími Hermannssyni og Jóni F. Hjartarsyni. Njarðvíkurslippur gaf loftkúta. Öllum færðar bestu þakkir fyrir og þakkarskjöl verða send síðar.

4. **Niðurskurður og staða FS.**

Niðurskurði verður mætt með minni kennslu, almennum sparnaði í rekstri og hærri nemendagjöldum í öldungadeild.

5. **Akstur nemenda - lyktir.**

Stjórn SSS hefur ákveðið að greiða niður fargjöld fyrir þá nemendur FS sem kaupa sér kort sem gilda út önnina. Skólanefnd fagnar lausn þessa máls.

6. **Listskreyting við FS.**

Sótt hefur verið um styrk úr Listskreytingarsjóði ríkisins. Menningarnefnd skólans veitt heimild til að velja listaverk og ganga frá málinu, svo fremi sem styrkur fæst úr sjóðnum.

7. **Áheyrnarfulltrúar.**



Tillagan um að þau sveitarfélög á Suðurnesjum, sem ekki eiga fulltrúa í skólanefnd FS, fái áheyrnarfulltrúa, hefur hlotið góðar undirtektir. Þessir fulltrúar verða boðaðir á næsta fund.

8. **Önnur mál.**

- a) Skólasetning Tónlistarskólans í Keflavík verður haldin á sal FS og Sinfóníuhljómsveit Íslands mun halda þar skólatónleika 17. og 18. september n.k.
- b) Óskir hafa borist frá nemendum um lengri opnunartíma bókasafnsins, fjármögnun rædd.
- c) Kristbjörn leggur til að busavísla verði bönnuð í núverandi mynd. Fulltrúi nemenda segir nemendur vilja óbreytt ástand og þakkar skólameistara skilning á þessu máli.
- d) Skólameistari er á leið til Danmerkur og Kanada ásamt fleirum til að skoða fjárhagslega sjálfstæða skóla. Skólanefnd samþykkir að greiða honum dagpeninga.
- e) Ákveðið að skipa þriggja manna nefnd til að endurskoða samning við skólameistara og fjármálastjóra um akstur. Guðbjörgu, Kristbirni og Guðjóni falið að vinna málið.

Skólameistari og fjármálastjóri viku af fundi meðan tvö síðustu málin voru rædd.

Fleira ekki gert og fundi slitið

 Sigríður Jóhannesdóttir, formaður.	 Hulda Björk Þorkelsdóttir, fundarritari.
--	---

STUTT ÁGRIP AF BYGGINGARSÖGU VIÐBYGGINGAR VIÐ FJÖLBRAUTASKÓLA SUÐURNESJA

BYGGINGARNEFND: Hjálmar Árnason, formaður, Kristbjörn Albertsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Héðinn Skarphéðinsson, Gísli Torfason, Ingimundur P. Guðnason og Guðbjörg Ingimundardóttir.

BYGGINGAEFTIRLIT: Axel Nikolaisson og Sigurður Ásgrímsson.

ALVERKTAKI: Hjalti Guðmundsson og synir, Keflavík.

BYGGINGASTJÓRI: Andrés Hjaltason, byggingameistari, Keflavík.

VERKEFNISSTJÓRI: Kristján Stefánsson, tæknifræðingur, Hafnarfirði.

HÖNNUÐIR:

Arkitekt: Jón Guðmundsson, Hafnarfirði.

Burðarvirki: Verkhjónusta Kristjáns, Hafnarfirði.

Lagnir: Verkfræðistofa Suðurnesja, Keflavík.

Raflagnir: Raflagnastofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

ÚTBOD: Þann 30. apríl 1991 var fjórum aðilum boðið að taka þátt í lokuðu alútboði. Viðbyggingin skyldi vera á þremur hæðum, um 11.000 m³ og um 3.030 m².

TILBOÐSOPNUN: Þann 21. maí voru tilboð opnuð. Þrjú tilboð bárust og var tilboð Hjalta Guðmundssonar og sona lægst.

VERKSAMNINGUR: Verksamningur var undirritaður 4. júní, samningsupphæð var kr. 140.965.584 og miðaðist hún við að viðbyggingin yrði fullfrágengin að utan sem innan en án allra lausra innréttinga og búnaðar, lóð yrði frágengin.

Fermetraverð á grundvelli samnings er kr. 46.539 og rúmmetraverð er kr. 12.816.

Innifalið í verki alverktaka var m.a. öll hönnun og réði hann hönnuði til verksins, þá sömu og höfðu aðstoðað hann við gerð tilboðs.

SKÓFLUSTUNGA: Skóflustunga var tekin 7. júní 1991.

VERKLOK: Umsamin verklok eru: Húsið frágengið að innanverðu 1. september 1992 og verkinu að fullu lokið 1. október 1992.

HELSTU UNDIRVERKTAKAR:

- Múrverk: Stefán Jónsson, múrarameisteri, Keflavík.
- Pípulagnir: Skarphéðinn Skarphéðinsson, pípulagningameistari, Keflavík.
- Raflagnir: Sigurður Ingvarsson, rafvirkjameistari, Garði.
- Málun: Málningarþjónusta Magnúsar og Ólafs, Keflavík.
- Dúkalögn: Lárus Ólafsson, dúklagningameistari, Reykjavík.
- Blikksmíði: Stjörnublikk, Kópavogi.
- Járnsníði: Vélaverkstæði S. Steingrímson, Keflavík.
- Lyfta: H.M. lyftur, Reykjavík.
- Jarðvinna: Haukur Guðmundsson, Njarðvík.
- Lóð: Nesprýði, Keflavík.



Grindavíkurbær

VÍKURBRAUT 42, 240 GRINDAVÍK - SÍMI 681 11

Fjölbrautaskóli Suðurnesja,
Formaður skólanefndar,
230 Keflavík.

Bæjarstjórnin samþykkti á fundi sínum 9..p.m. að þiggja boð um að tilnefna fulltrúa til setu á fundum skólanefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

Hefur Bogi Hallgrímsson, Mánagerði 7, Grindavík, verið tilnefndur sem fulltrúi Grindavíkurbæjar.

Grindavík, 16. septemer 1992



Afrit til,
Boga Hallgrímssonar.



SKRIFSTOFA GERÐAHREPPS
SVEITARSTJÓRI

Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Hjálmar Árnason, skólameistari
230 Keflavík

Garði, 9. september 1992

Á fundi hreppsnefndar Gerðahrepps 2. september 1992 var bréf þitt tekið fyrir varðandi tilnefningu áheyrnarfulltrúa í skólanefnd F.S.

Tillaga kom um Ingimund Þ. Guðnason og var hún samþykkt.

Þetta tilkynnist hér með.



HAFNAHREPPUR KT, 590169 - 6689
RETTARVEGUR 10.SÍMI, 92 - 16930
233, HAFNIR FAX, 92 - 16996

Hafnir 9.júlí 1992.

Fjölbrautarskóli Suðurnesja
V/ Sunnubraut
230 Keflavík.

A hreppsnefndarfundi Hafnahrepps.7.júlí 1992.var tekið
fyrir bréf frá Fjölbrautarskóla Suðurnesja dagsett.15/6 1992.
Olafur R Hilmarsson Kt.160562 - 7819.Djúpavogi 12 233 Hafnir
var tilnefndur,sem áheyrnarfulltrúi Hafnahrepps í skólanefnd.
Hann er einnig varafulltrúi ríkisins í skólanefnd
Fjölbrautarskóla Suðurnesja.

ODDVITI
HAFNAHREPPUR
233 HAFNIR

Björgvin Luthersson

Oddviti Hafnahrepps